

Nd. 484. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. mars.)

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist:
Framleiðslueftirlitið skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans skv. 3. gr. laga nr. 55 15. apríl 1971.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:
Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu hljóta löggildingu að loknu prófi frá Fiskvinnsluskólanum sem freðfiskmatsmenn. Löggilding til mats á ferskfiski, saltfiski, saltsíld og skreið fer fram eftir að þeir hafa starfað 2 mánuði eða minnst 300 vinnustundir að mati með löggiltum kennslu-matsmanni. Aðra matsmenn löggildir sjávarútvegsráðuneytið að fenginni umsögn forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi þeir sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn. Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir vilji rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem starfi þeirra fylgja. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu um stundarsakir að fenginni umsögn Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi hann sýnt vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en hann er sviptur löggildingu um stundarsakir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.